

Ignaure – Ljóðsaga frá 13. öld¹

Sá sem kynnist ástinni á ekki að sitja hljóður heldur semja um Shana góða sögu sem aðrir geta dregið lærdóm af. Ég get fundið sæmd og heiður í slíkri iðju en aldrei ríkidæmi. Fólk hefur áhuga á gulli og silfri, visku og vísindum. Gjafir tilheyra nú fortíðinni og enginn fær laun fyrir verk sín. Merkingin glatast ef hún er hulin. En sú merking sem dregin er fram í dagsljósið getur sáð fræjum. Þess vegna vil ég segja sögu um óvenjulegan atburð sem gerðist í Bretóníu fyrir löngu, um máttugan riddara, og hann er vel þess virði að honum verði forðað frá því að falla í gleymsku og dá. Ignaure hét riddarinn og fór hróður hans víða. Hann fæddist í glæstum kastala í Riol, í landi Hoels. Hann var ekki kominn af aðalsmönnum en afrek hans ollu því að enginn riddari var jafnfrægur og hann. Lífsgleði hans var engu lík. Um leið og maímánuður gekk í garð reis hann árla úr rekkju. Hann hélt út í skóg með fimm farandsöngvurum sem léku á flautur og pípur og sótti laufigaðar greinar með miklum ærslagangi. Honum þótti gaman að skemmta sér og gerði það daglega. Eldheit ástin greip hann oft og konurnar kölluðu hann Næturgalann.

Tólf riddarar bjuggu í kastalanum í Riol. Þeir voru vaskir og vitrir, áttu mikil lönd og höfðu af þeim góðar tekjur. Allir áttu þeir fagrar eiginkonur af göfugum aðalsættum. Hinn hjartaprúði Ignaure var elskhugi þeirra allra og allar veittu þær honum ást sína eins og hann þráði og fullvissuðu hann um að ef hann vildi eitthvað frá þeim yrði honum þjónað eins og greifa. Hver og ein stóð í þeirri trú að hann elskaði aðeins hana og hélt sér til fyrir honum. Svona bast Ignaure konunum öllum og þegar hann hitti eina þeirra mundi hann ekkert eftir hinum og sýndi engin merki þess að þrá aðra en þá sem hann var með þá stundina. Hann kundi sannarlega að njóta hirðlífsins! Þegar haldnar voru burtreiðar fór hann þangað til að auka hróður sinn og barðist við tuttugu riddara eða þrjátíu. Samt

1 Ásdís R. Magnúsdóttir þýddi.

hafði hann aðeins litla rentu. Allir undruðust þetta en hefðarkonurnar, sem voru fullar af lífsgleði, uppfylltu allar hans óskir. Ungur var Ignaure!

Hann elskaði þær allar, í meira en heilt ár, þar til á Jónsmessuhátíð þegar allt kvíkt fyllist gleði. Hefðarkonurnar fóru sér til ánægju í garð nokkurn, allar tólf. Enginn var í garðinum nema þær. Ein þeirra iðaði í skinninu að segja frá dálitlu sem henni var ofarlega í huga; vei þeirri sem reyndi að koma í veg fyrir að hún segði það sem hana langaði til!

– Hvað sem þið segið er ég sannfærð um að þið munuð fúslega samþykka uppástungu mína þegar þið heyrið hana.

– Segið okkur hvað þér eigið við; við erum allar sammála.

– Allar erum við glaðlyndar, fagrar og göfugar hefðarkonur. Við njótum virðingar. Við erum eiginkonur riddaranna sem hér búa og njótum þess að skemmta okkur. Allar erum við ástfangnar og í dag ræður gleðin ríkjum. Látum eina okkar leika prest og fá sér sæti hér í garðinum, við hlið þessa trés sem er í fullum blóma. Förum til hennar, hver á fætur annarri, og játum fyrir henni nafn þess manns sem á ást okkar. Þannig munum við vita fyrir víst hver okkar á göfugasta ástmanninn.

– Þetta var vel mælt, svöruðu allar í kór, og við föllumst á það. Þér skuluð sjálfar leika prestinn og hlusta á játningarnar. Fáíð yður sæti hjá trénu þarna.

– Ég fellst á það, sagði hefðarkonan.

Ein kvennanna stóð á fætur. Undir gráum möttli var hún í dýrindis kyrtli. Þegar hún kom til prestsins hló hún.

– Hvað viljið þér? spurði guðsmaðurinn.

– Ég vil skrifta, herra prestur.

– Fáíð yður sæti og segið mér hvað ástmaður yðar heitir, og gætið þess að segja satt.

– Það er fræknasti riddarinn í þessu ríki. Þér vitið vel við hvern ég á, það er langmyndarlegasti riddarinn sem þér hafið komist í kynni við, hinn hugrakki og lærði Ignaure. Hann nýtur ástar minnar.

Þegar presturinn heyrði nafn elskhuga síns fölnaði hún og átti erfitt með að halda ró sinni. Hún elskaði hann heitar en nokkur önnur kona.

– Frú mín góð, sendið næstu konu til mín, ég hef heyrt játningu yðar.

Næsta kona lét ekki bíða eftir sér, hún barði sér á brjóst með hægri hendi.

– Kæra systir, þér ættuð frekar að berja yður á bakhlutann, það er hann sem fær yður til að drýgja syndirnar sem saurga líkama yðar.

– Herra, ég iðrast gjörða minna!

– Ég skipa yður að gera yfirbót, fagra vina, með því að segja mér nafn elskhuga yðar.

– Ég skal segja satt, því lofa ég. Sá sem ég get nefnt er hæverskasti, myndarlegasti og lærdasti maðurinn sem fyrirfinnst hér um slóðir og alla leið til Vermandois.

– Þér hafið hann í miklum hávegum; ég velti því fyrir mér hvort þér getið sannað þetta með einhverju móti?

– Því megið þér trúa að þér eruð slæmur dómari. Hann heitir Ignaure, hinn göfugi.

Prestinum dauðbrá þegar hún heyrði aftur nafn þess sem hún hélt að hefði bundist henni einni.

– Frú mín góð, farið og fáid yður sæti þarna niður frá.

Næst kom virðuleg frú, þokkafull og undurfögur.

– Fáid yður sæti, frú mín, þér sem kunnið góða siðu. Presturinn lét hana setjast og sagði henni svo að nefna nafn elskhuga síns og fara rétt með.

– Það er sá kurteisasti, sá hugrakkasti og sá besti sem til er. Hann leggur ekki í vana sinn að haga sér illa. Ef þér þekktuð nafn þess sem ég hef gefið alla mína ást verðskuldaði hann að vera konungur eða greifi. Ég get nefnt hann: hann heitir Ignaure, hann ber af öllum aðalsmönnum Bretóníu.

Þegar presturinn heyrði þessi orð signdi hún sig og varð fól sem nár.

– Snúid aftur og fáid yður sæti þarna niður frá, frú mín góð, sagði hún, vinur yðar er vitur og göfugur.

Næst kom hrífandi kona í silkiklæðum frá Konstantínópel. Hún var höfðinglega klædd. Síðan kom önnur, hæversk í framkomu, og með lítinn hring á fingri. Þegar hún heyrði fugl syngja eins og næturgala í trúnu strauk hún hringinn og kyssti.

– Fáíð yður sæti, frú mín góð, sagði presturinn. Ég held að yður sé ekki illa við þann sem átti þennan litla hring!

Konan, sem hafði verið ávörpuð, svaraði að bragði.

– Hann verðskuldar greifatign.

– Segið mér hvað hann heitir úr því að hann er svona mikill heiðursmaður.

– Hann heitir Ignaure og er afbragð allra riddara.

Þegar presturinn heyrði þetta lá við að hún missti vitið og blóðið hljóp fram í kinnarnar á henni.

– Farið og fáíð yður sæti þarna niður frá, kona góð.

Þar næst kom fríðleikskona, aðlaðandi og fögur.

– Segið mér nú, frú mín góð, hvað heitir sá maður sem á ást yðar alla?

– Nafn hans endurómar um víðan völl. Elding mun aldrei ljósta þann sem nefnir nafn hans í þrumuveðri.

– Þér hafið rangt fyrir yður, sagði presturinn. Þér hafið oft nefnt nafn hans en ekki hefur það komið í veg fyrir að þér yrðuð fyrir eldingu. Nafn hans hefur aldrei verndað yður og eldingunni laust niður.

– Megi Guð gefa að slíkar eldingar ljósti mig aftur og ekki skal ég kvarta þótt þær verði margar!

– Kæra systir, frú mín góð, látið þetta mál niður falla og segið mér hvað hann heitir.

– Hann heitir Ignaure hinn göfuglyndi, það er hann sem Bretónía skelfur undan.

Presturinn brosti, bitur yfir afrekum þessa manns sem konurnar höfðu nefnt á nafn, allar sem ein, án undantekningar. Þegar þær höfðu lokið við að skrifta fóru þær allar til fundar við prestinn.

– Góða frú, nú er kominn tími til að þér segið okkur allt af létta. Hver okkar á fræknasta ástvininn?

– Allar nefnduð þið eina og sama riddarann. Hann hefur gert okkur öllum skömm. Ég elska hann líka og sama er að segja um ykkur. Þetta var mikið ólán, það má Guð vita. Það er við Ignaure að sakast og hann mun gjalda fyrir þetta án tafar.

– Hvernig getum við komið fram hefndum?

– Strengjum þess heit að sú okkar sem hann fer fyrst til mæli sér mót við hann og okkur allar hér í garðinum. Við látum hver aðra

vita hvaða dagur verður fyrir valinu og verðum allar viðstaddar; allar skulum við hafa meðferðis beittan hníf! Við skulum hefna okkar grimmilega á þessum yfirlætislega og útsmogna svikara sem hefur sýnt okkur öllum vanvirðingu.

Þær lofuðu að standa við þetta ráðabrugg og kvöddu garðinn með sorg í hjarta.

Ignaure, sem vissi ekkert af þessum ásetningi, fór á fund einnar þeirra. Hann faðmaði hana og kyssti aftur og aftur en lengra komst hann ekki.

– Hvernig stendur á því að þér eruð svona fjarlægjar, frú mín?

– Ég er ekki fjarlæg, herra, hafið mig afsakaða í þetta sinn en lofið mér að koma til fundar við mig á sunnudaginn í garði frú Clémence. Þar munuð þér getað fengið það sem þér þráið.

– Eins og þér óskið, frú mín, svaraði hann, ég hlýði boði yðar.

Hann kvaddi strax og fór.

Nú var riddarinn dauðadæmdur nema hann áttaði sig á hvað beið hans eða forsjónin kæmi í veg fyrir að hann færi á stefnumótið.

Frúin lét hinar vita og á sunnudeginum földu þær sig allar í garðinum, vopnaðar beittum hnífum sem þær földu undir möttlunum. Sú sem lagt hafði á ráðin fór með viðhöfn inn í garðinn þannig að Ignaure sæi hana vel. Hann fór eftir öðrum stíg og í fylgd með honum var maður sem var sendisveinn hans og safnaði fyrir hann leigutekjum. Konan sem beið hafði skilið hliðið eftir opið í hálfu gátt. Herrann gekk inn í garðinn og fór ekki leynt. Hann átti eftir að rata í raunir áður en hann færi þaðan út aftur. Hefðarkonan kom á móti honum og hann lét sendiboðann halda heim á leið þar sem hann kærði sig ekkert um að hafa vitni á staðnum. Hann læsti hliðinu. Glöð í bragði settust þau í rólegheitum undir tré; konan faðmaði riddarann og hann kyssti hana ástúðlega. Hún vildi ekki láta honum neitt annað í té þar sem þrá hennar var slokknuð. Þá dreif að konurnar sem þessi káti og ljúfi riddari hafði elskað, æfar af reiði og gremju.

– Frú mín góð, sagði hann, er þetta fyrirsát? Þér hafið leitt mig í gildru!

Þær komu til hans þar sem hann sat og slógu um hann hring. Ignaure tók til máls.

– Verið velkomnar, mælti hann.

– En þér eigið illt í vændum! svöruðu þær. Það er ekki nema rétt að þér fáið að gjalda fyrir oflæti yðar. Áður en þér farið héðan út munið þér hljóta þau laun sem svikull maður, óheiðarlegur og undirförull verðskuldar.

Sú sem hafði verið í hlutverki prestsins tók fyrst til máls.

– Andartak, leyfið mér að segja skoðun mína. Síðan getur hver okkar sagt það sem henni býr í brjósti. Ignaure, nú bið ég yður að segja mér satt. Ég hef verið ástvina yðar um langt skeið, ég gaf yður hjarta mitt.

– Ég er elskhugi yðar, frú, lénsmaður og riddari af öllu mínu hreina og einlæga hjarta.

Önnur kona stóð upp, full fyrirlitningar, og sagði með stolti:

– Ignaure, þér eruð auvirðilegur! Hvernig má þetta vera, eruð þér ekki elskhugi minn?

– Jú, frú mín góð, megi Guð hjálpa mér. Hjarta mitt og ást tilheyra yður. Ég mun aldrei nokkurn tímann svíkja yður!

Önnur kona, full öfundar, leit heiftaraugum á Ignaure.

– Ó, þér aumi svikari, sagði hún, þessi svör duga mér ekki. Elskið þér sem sagt aðra konu? Þér strengduð þess heit að elska aðeins mig.

– Ég elska yður innilega og mun halda því áfram án undanbragða.

– Hvað heyrir ég? sagði enn önnur. Elskið þér mig ekki eins og þér hafið fullyrt?

– Jú, af öllum mætti, bæði yður og allar hinar, ég elska þær allar, án undantekningar, þá huggun og gleði sem þær veita mér.

Nú upphófst mikill hávaði þegar konurnar æptu og rifust og hótudu þessum góða manni.

Þær drógu fram hnífana sem þær höfðu falið undir skikkjunum.

– Ignaure, þér hafið hagað yður svo illa að þér munuð láta lífið hér og nú. Enginn nema Guð getur komið yður til hjálpar.

– Ágætu frúr, þið eruð ekki færar um slíka grimmd og gætuð ekki drýgt svo stóra synd. Ef ég væri með hjálm á höfði og sæti nú hest minn Aquilée með skjöldinn mér um háls og spjót í hendi stigi ég hér af baki og gæfi mig ykkur á vald. Ef svo fagnar hendur verða mér að aldurtíla verð ég píslarvottur og fæ sæti við hlið dýrtinganna; ég veit að ég fæddist undir happastjörnu.

Allar konurnar brustu í grát þegar þær heyrðu þau fögru orð sem

riddarinn lét falla. Þau hittu þær í hjartastað og sú sem hafði verið í hlutverki skriftaföðursins sagði:

– Við skulum sammælast um að gera nokkuð sem ég vona að muni ekki valda yður hugarangri.

– Við föllumst á það ef það er vilji yðar, svöruðu hinar.

– Ignaure, bætti hún við, þér svikuð okkur illa, og það er okkur nú ljóst. Við munum ekki elska yður á sama hátt og fyrr en við teljum að sú sem þér elskið mest eigi að halda áfram að vera ástvina yðar; hver og ein okkar vill hafa elskhuga sinn út af fyrir sig.

– Það mun ég aldrei fallast á, svaraði Ignaure, ég mun elska ykkur allar eins og ég hef gert hingað til.

– Hlýðið boði mínu, mælti presturinn, annars munuð þér týna lífinu, það get ég svarið. Veljið þá okkar sem þér viljið.

– Það eruð þér, frú mín góð! Ég er mæddur yfir því að missa hinar þar sem þær eru allar góðum kostum búnar en ást yðar fyllir mig þrá.

– Ég er yður afar þakklát, svaraði hefðarkonan.

Hinar konurnar voru allar miður sín en sóru að þær myndu aldrei framar elska Ignaure og að þær myndu eftirláta henni hann án mótstöðu og í sátt. Þegar þær höfðu gengið svona frá málunum fór hver til síns heima og Ignaure fór til bæjarins.

Þið megið vita að hann þurfti að fara oft til ástvinu sinnar. Ef konurnar hefðu allar átt hann hefði því verið öðruvísi háttað en nú lá leiðin bara á einn stað. Hann fór þangað oft og var sama þótt til hans sæist. Og það var vegna þess að hann fór þangað of oft að það komst upp um hann, að hann var svikinn og leiddur í gildru. Mús, sem á aðeins eina holu, endist ekki lengi. Ég veit ekki hvernig á því stóð að það sem fávísu konurnar sögðu við skriftaföðurinn í garðinum spurðist út. Í kastalanum bjó grimmyndur og illmáll svikari. Hann lagði oft leið sína þangað sem ástvina Ignaures bjó. Hún var ekki nógu varkár og þannig komst svikarinn að laumuspilinu. Og eftir það var það ekki leyndarmál miklu lengur. Dag einn, þegar riddararnir tólf voru saman komnir við matarborðið, fór þrjúturinn á fund þeirra, eftir því sem ég best veit. Og áður en hann kvaddi sagði hann þeim sögu sem kom jafnvel þeim vitrasta í þeirra hópi úr jafnvægi. Svikahrappurinn talaði og hló og gerði krossmark yfir andlit sér.

– Hvað hlægir þig, þrjóturinn þinn? Þetta boðar ekkert gott, ég veit hvað þú hefur í hyggju; þú ætlar að flytja okkur slæma fregn!

– Það veit trúa mín, svaraði hann, að ég hef séð dálítið stórfurðulegt; ég á erfitt með að segja frá því fyrir hlátri.

– Guð hjálpi þér, er þetta um okkur?

– Já, í Guðs nafni, þetta er um ykkur alla.

– Segðu okkur satt og rétt frá, við erum allir reiðubúnir.

– Það mun ég gera ef ég fæ eitthvað fyrir minn snúð.

– Þú færð það, hafðu ekki áhyggjur af því.

– Ef ég gæti verið fullviss um það myndi ég segja ykkur það, í nafni heilags Germain.

– Ég skal sjá til þess, sagði einn þeirra, að þú fái eitthvað að launum.

– Herrar mínir, ef ég segi ykkur satt og rétt frá máli nokkru sem ég hef engar efasemdir um, getið þið þá lofað mér því að valda mér hvorki angri né illindum?

– Já, þú munt aldrei geta sagt það um okkur.

– Gott og vel! Einn maður hefur kokkálað alla þá sem ég sé hér inni. En aðeins ein kona ræður yfir honum og stjórnar.

Þeir fnæstu allir af bræði er þeir heyrðu þessi orð því að skömm þeirra var skelfileg.

– Er þetta bæjarbúi eða riddari? Segðu okkur hvað hann heitir, það er fyrir bestu!

– Ignaure heitir herrann sem hagar sér svona illa.

Hann sagði þeim allt um garðinn, játningarnar og hvernig reiðu konurnar höfðu ætlað sér að stinga Ignaure til bana.

– Ungi maðurinn var dauðskelkaður því að hann var við dauðans dyr. Svo sögðu þær honum að velja þá sem honum þætti ljúfust. Aðeins hún yrði ástkona hans, hinar myndu aldrei líta við honum framar. Hann gerði það, hvort sem honum líkaði betur eða verr. Hann valdi eina af eiginkonum ykkar, þá fegurstu og þá vitrustu. Ég veit vel hver eiginmaður hennar er.

– Hver er það? Þekkir þú hann?

– Það ert þú! sagði þrjóturinn við einn þeirra.

– Guði sé lof, ef ég er eiginmaður hennar er ég merkilegri en þið hinir! svaraði hann öskureiður.

Að lokinni máltíð lét hann alla strengja þess heit að segja ekki

orð um þetta mál við nokkurn mann. Þrjóturinn fékk sín laun og kvaddi. Eiginmennirnir urðu eftir og kveinkuðu sér yfir hneisunni.

– Ef við getum ekki komið fram hefndum á eiginkonum okkar erum við heiglar og þær taka völdin hér í kastalanum.

– Ég fullvissa yður um að við munum koma fram hefndum fyrir þetta ef þér fylgið mínum ráðum, sagði einn þeirra. Við höfum enga þörf fyrir njósnara þar sem Ignaure hefur sagt skilið við allar nema eina sem hann heimsækir oft. Ef eigenmaður hennar getur lofað okkur að fylgjast með ferðum hans verður auðvelt að ná honum.

– Þetta var vel mælt, sögðu hinir í kór.

Eigenmaðurinn titraði af bræði og sagðist sannarlega skyldu hafa augun opin.

– Látið okkur vita þegar þér hafið náð honum, herra, þá komum við allir og hefnum harma okkar.

Þeir féllust á þetta fyrirkomulag og héldu hver til síns heima, fullir löngunar til þess að grípa þann sem gerði lítið til að leyna gerðum sínum.

Ignaure þótti gaman að gera sér glaðan dag og hann skemmti sér í kastalanum fyrir framan nefið á svörnum óvinum sínum. Eigenmaður konunnar sem hann heimsótti reglulega fylgdist með ferðum hans dag og nótt í von um að klófesta hann. Ef honum tækist að grípa hann með konu sinni ætlaði hann að standa við loforð sitt við hina eiginmennina. Ignaure fór mjög oft til ástkonu sinnar sér til ánægju. En það er auðvelt að veiða mús sem á bara eina holu! Morgun einn kom njósnari til eigenmannsins og sagði honum að Ignaure væri að gamna sér í hvílu konu hans. Eigenmaðurinn þekkti hvern krók og kima á heimili sínu og fór um neðanjarðarhvelingu inn í svefnherbergið sem var úr steini, með hjálm á höfði og sverð á lofti. Þar sá hann Ignaure, sem vænti sér einskis ills, í fjörugum leik.

– Aha! sagði eigenmaðurinn undir eins, þér ættuð ekki að vera hér!

– Herra, veinaði Ignaure, hlífið mér, í Guðs nafni, þér sjáið hvaða hug við berum hvort til annars! Ég hef gert á hlut yðar og það er ekki til neins að neita því eða leyna.

Í fylgd með eigenmanninum voru tveir ungir menn sem voru systkinabörn hans. Þeir vildu strax gera út af við Ignaure en frændi

þeirra vildi það ekki og sagði að þeir gætu hefnt sín betur en það.

– Þið megið ekki drepa hann, það veit sála mín. Frú mín góð, nú þarf að baða elskhuga yðar, bætti herrann við, síðan mun ég láta honum blæða; gangið úr skugga um að klæði hans séu hvít.

Frúin reif hár sitt og barmaði sér ógurlega. Herrann fór með unga manninn inn í herbergi með steingólfi og lét menn, sem hann bar mikið traust til, standa vörð við dyrnar svo lítið bar á. Hann hét honum forsmán og kvalræði. Ekki yrði kvöldmaturinn hans ríflægur! Þar næst lét hann félagana vita hvað hann hafði gert og afrekað. Frúnni leið bölvanlega og kom boðum til hinna kvennanna um ólánið sem hafði hent hana og handsömun Ignaures.

– Ég veit ekki hvort hann er lífs eða liðinn. Öllum veitti hann okkur það sem við þráðum. Hjálpið mér á þessari sorgarstundu. Deilum sorginni rétt eins og við deildum ánægjunni sem hann veitti okkur.

Þær fullyrtu við sendiboðann að þær myndu ekki nærast fyrr en þær vissu fyrir víst hvort Ignaure væri lifandi eða dauður. Þær hófu föstuna. Herrann kallaði saman féлага sína í laumi. Þeir ræddu hvaða dóm þeir ættu að fella yfir þeim sem hafði valdið þeim van-sæmd og óhamingju.

– Þessar fyrirlitlegu lauslætisdrósir hafa allar strengt þess heit að fasta þar til í ljós kemur hvort Ignaure deyr eða sleppur lifandi, sagði einn þeirra. Eftir fjóra daga munum við skera af herranum þann lim sem hefur veitt þeim svo mikla ánægju og gera úr honum málsverð og við skulum bæta hjartanu við. Þannig fyllum við tólf skálar og göbbum þær til að borða réttinn því að betri leið til að koma fram hefndum er vandfundin.

Fallist var á þessa ráðagerð; þeir skáru liminn af riddaranum góða eins og þeir höfðu ákveðið. Þeir skiptu réttinum á milli hinna tólf fastandi kvenna. Allar höfðu fengið það sem hjartað þráði og því skeyttu þær ekki um matarilm þótt hann væri sætur og góður. En eiginmenn þeirra lofuðu matinn í hástert og því drukku þær einnig og átu og ekki fannst þeim maturinn bragðast illa. Þegar þær höfðu endurheimt kraftana grátbáðu þær eiginmenn sína um að segja þeim, í Guðs nafni, hvort Ignaure væri laus úr þrúundinni. Sá sem hafði staðið hann að verki heima hjá sér svaraði:

– Frú mín, þér sem voruð skriftafadirinn, þér voruð ástkona hans

og nú hafið þér lagt yður til munns það sem þér þráðuð hvað heitast og það sem veitti yður hvað mesta ánægju því að þér vilduð ekkert annað. Að lokum var það borið á borð fyrir yður. Ég drap elskhuga yðar en þið getið allar tekið þátt í þeirri gleði sem konur eru svo sólgnar í. Fenguð þið nóg allar tólf? Nú höfum við sannarlega hefnt harma okkar.

Það leið samstundis yfir konuna og þegar hún komst aftur til meðvitundar stundi hún og grét og bölvaði dauðanum sem lét bíða eftir sér. Henni stóð á sama um allt. Hún sendi boð til vinkvenna sinna og sagði þeim allt af létta um máltíðina sem þær höfðu neytt. Sendisveinninn útskýrði vel fyrir þeim hvað þær höfðu lagt sér til munns af ástmanninum. Þær sóru þess heit, í Guðs nafni, að láta aldrei frammar nokkurn matarbita inn fyrir varir sínar nema hann jafnaðist á við þessa máltíð. Og þær stóðu við heitið. Meðan þær voru enn á lífi sömdu þær sorgarljóð um Ignaure: ein þeirra grét fegurð hans, limina sem voru svo fagrir og vel skapaðir að aðrir menn, jafnvel þeir fegurstu, sýndust ljótir við hlið hans. Svona töluðu þær um unga manninn. Önnur grét hugrekki hans, örlæti og líkamsburði. Sú fjórða grét lendar hans, kvik og glettnisleg augun. Enn önnur grét ástríkt hjarta hans; aldrei myndi fyrirfinnast neinn honum líkur.

– Æ, hvað við höfum breytt yður! Afbrýðisömu eiginmennirnir hefndu sín grimmilega. Við munum aldrei matast aftur og þannig munum við einnig hefna okkar.

Önnur þeirra grét hans fögru fætur sem sátu svo vel í ístöðunum; hann var öllum mönnum fremri við veiðar með hundum og sparrhaukum og enginn var eins hrífandi og hann. Allar söknuðu þær ánægjunnar sem hann hafði veitt þeim. Hver gæti jafnast á við hann? Allir, sem heyrðu kveinstafi þeirra, felldu tár þeirra vegna. Konurnar neituðu að nærast, þrátt fyrir fortölur vina og ættingja. Þær gleymdu ekki elskhuga sínum og það dró af þeim jafnt og þétt. Þær neru saman höndum án afláts, andvörpuðu og veinuðu, og þegar þær dóu allar tólf voru þær syrgðar. Ljóðsagan er tólf línur og hún skal í minnum höfð því að efniviðurinn er dagsannur.

Eins og fram kemur í frásögn Renaut dó hinn góði Ignaure. Og ástkonur hans dóu af ást til hans. Megi Guð miskunna sig yfir sálu þeirra, bæði riddarans og kvennanna. Og blessuð sé sú sem lét semja

Þessa ljóðsögu sem elskendur hljóta að meta að verðleikum. Hún hefur hneppt mig í svo sterka fjötra að ég get ekki losað mig. Háls hennar er langur, hvítur og mjúkur og þar sést hvorki hrukka né bein. Hún er hógvær og þokkafull og hörund hennar hvítara en nýfallin mjöll. Meira fáíð þið ekki að heyra því að öðru leyti er líkami hennar hulinn. Hann er fegursti hlekkur fjötranna. En ég held ekki að ég sé rétti maðurinn til þess að tala um hann með vissu nema um það sem sjá má. Ég sé að kyrtillinn strekkist yfir brjóstin sem lyfta honum örlítið upp því að þau líta út fyrir að vera vel stinn; axlirnar eru ávalar, hendurnar grannar, fingurnir langir og handleggir fagrir í ermunum. Hún er dálítið mjaðmabreið en mittið er fallett og hún ber sig vel. Hún er hvorki of lágvaxin né of hávaxin og hún er sérlega þokkafull og hæversk. Hún er ástarfjöturinn eins og hann leggur sig. Vita megið þið að frúin teymir mig þangað sem hún vill í þessum fjötri. Ég er í ljúfri þrúnd og vil ekki losna fyrir lausnar-gjald.

Þetta var efniviður strengleiksins sem ég læt enda hér. Frakkar, Poitevinar og Bretónar kalla hann Fangaljóðið og hér lýkur honum, ég hef engu við hann að bæta. Hann var saminn fyrir Ignaure sem var aflimaður vegna ástar.

Hér lýkur sögunni um Ignaure.